



**9. fundur  
tómsunda- og æskulýðsnefndar norðurlands  
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurlands,  
þriðjudaginn 13. desember 2011 og hófst hann kl. 14:00**

**Fundinn sátu:**

Hjálmar Bogi Hafliðason, Birna Björnsdóttir, Hafsteinn H Gunnarsson, Ingólfur Freysson, Sigríður Valdimarsdóttir, Jóhann Rúnar Pálsson,

**Fundargerð ritaði:** Jóhann Rúnar Pálsson, Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi

**Dagskrá:**

**1. 201112003 - Réttindagæslumaður fyrir fólk með fötlun á Norðurlandi, erindi varðandi aðgengi að Sundlaug Húsavíkur**

Tómsunda- og æskulýðsnefnd hefur ítrekað borist erindi vegna aðgengi fyrir fatlaða í Sundlaug Húsavíkur en aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða er verulega ábótavant. Nefndin leggur það til að gerðar verði úrbætur vegna þessa í Sundlaug Húsavíkur. Tómsunda- og æskulýðsnefnd vísar málinu til afgreiðslu í Bæjarráði Norðurlands. Nefndin felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa að svara erindinu.

**2. 201111081 - Frá skólastjóra Borgarhólsskóla varðandi sérútbúna aðstöðu í sundlaug Húsavíkur**

Tómsunda- og æskulýðsnefnd vísar í afgreiðslu dagskrárliðar 1. enda erindið um sama mál. Nefndin felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa að svara málinu.

**3. 201111078 - Kristín S. Gunnarsdóttir, ósk um vetrar opnun sundlaugarinnar í Lundi, Öxarfirði**

Tómsunda- og æskulýðsnefnd getur ekki orðið við erindinu þar sem sundlaugin er ekki í notkun yfir vetrartímenn en bendir á möguleikann á því nýta heitan pott við lauginna. Tómsunda- og æskulýðsfulltrúa falið að ræða málin við hlutaðeigandi aðila.

**4. 201111032 - Fimleikadeild Völsungs sækir um styrk vegna Danmerkurferðar í ágúst 2012**

Tómsunda- og æskulýðsnefnd frestar afgreiðslu málsins.

**5. 201112024 - Unglingadansleikur**

Tómsunda- og æskulýðsnefnd sækir um styrkveitingu til Bæjarráðs að upphæð 400.000 krónur til að halda unglíngadansleik 29.12.'11 á Húsavík fyrir ungmenni sveitarfélagsins. Boðið yrði upp á sætaferð frá



Raufarhöfn/Kópaskeri til Húsavíkur. Ungmenni úr öðrum sveitarfélögum í Þingeyjarsýslum yrðu velkomin.

#### **6. 200909078 - Kynning tómsunda- og æskulýðsfulltrúa**

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi fór yfir stöðuna í málaflokknum; nýstofnað ungmennaráð sveitarfélagsins og starfsmannamál málaflokksins.

#### **7. 201106026 - Fjárhagsáætlun tómsunda- og æskulýðsnefnd 2012**

Tómsunda- og æskulýðsnefnd leggur eftirfarandi til við Bæjarráð Norðurbings.

1. Tekin verði upp gjaldtaka fyrir 17 ára og yngri í sundlaugar Norðurbings. Aðgangseyrir 250 krónur stakur miði á veturna og 300 krónur á sumrin (júní – ágúst).
2. Útbúin verði frístundakort fyrir ungmenni sveitarfélagsins, 17 ára og yngri sem veitir aðgang að sundlaugum og skíðasvæði sveitarfélagsins. Almennt verð á árskortum yrði 4000 krónur, árskort fyrir annað barn 3000 krónur, árskort fyrir þriðja barn 2000 krónur og ekki yrði greitt fyrir fjórða barn.
3. Breyting og hækkun á gjaldskrá fyrir sundlaugar Norðurbings. Tekið yrði upp sumar- og vetrargjald. Lagt er til að vetrargjald verði 500 krónur á stökum fullorðins miðum og sumargjald (júní – ágúst) 650 krónur á stökum fullorðins miðum. 10 miða afsláttarkort verði krónur 4000.
4. Lagt er til að helgaropnun Sundlaugarinnar á Húsavík verði frá kl. 10 til kl. 15 yfir vetrartímenn.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd leggur til að tillögurnar taki gildi .janúar 2012.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30**